

Allir sem fæðast í þennan heim eiga jafnan rétt á virðingu.

Þeir hafa ákveðin réttindi sem ekki má taka frá þeim.

Þetta er undirstað frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Úr mann- réttinda- yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna

Það má hugsa sér jafnan rétt kvenna og karla eins og rauðan þráð. Þráðurinn hringar sig utan um aðal þættina í mann- réttinda- stefnu. Þessir þættir eru eftir- farandi:

Aldur

Fötlun

Trú

Samkynhneigð - tvíkynhneigð

Heilsa

Skoðanir á stjórnámálum

Frá hvaða landi – uppruni

Allir einstaklingar skulu hafa sömu tækifæri til að njóta krafta sinna.

Allir einstaklingar skulu hafa sömu tækifæri til að þroska hæfileika sinna.

Þetta á jafnt við um konur og karla.

Úr lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mann- réttindi

Þetta orð þýðir að það á að bera virðingu fyrir gildi og réttindum allra manna.

Mann- réttindi eiga að tryggja jafnan rétt allra.

Mann- réttindi eiga að tryggja að lágmarks þarfir fólks séu uppfylltar.

Jafnrétti

Mann- réttinda- stefna Reykja-víkur- borgar á að styrkja jafnan rétt kvenna og karla.

Þetta á að sjást í öllum störfum hjá Reykjavíkur borg.

Jafn- ræðis- reglan

Þessi regla segir að ekki megi gera upp á milli fólks. Bannað er að mismuna fólki á nokkurn hátt.

Í stjórnar- skrá Íslands segir. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum. Allir skulu njóta mannréttinda. Konur og karlar skulu að öllu leyti hafa sama rétt

Hvað er mismunun?

Mismunun verður þegar jafn- ræðis- reglan er brotin.

Það er kallað að mismuna ef komið er á mis- munandi hátt fram við einstaklinga sem eru í sömu stöðu.

Með því að banna mismunun er þess krafist að fólk sem er með sín mál í sam- bæri- legri eða svipaðri stöðu fái sam- bærilega meðferð eða afgreiðslu.

Mismunun getur verið bæði *bein og óbein*.

Bein mismunun verður þegar einstaklingur fær **óhag- stæðari meðferð** en annar í **sam- bæri- legri eða svipaðri stöðu**.

Þegar svona mál eru metin er það gert út frá helstu þáttum mann- réttinda- stefnunnar.

Dæmi um beina mismunun vegna fötlunar: Fatlaður umsækjandi er ekki boðaður í atvinnu- viðtal. Hann uppfyllir samt allar kröfur sem starfið gerir, samkvæmt auglýsingu.

Þetta er brot á mann- réttinda- stefnu Reykja- víkur- borgar. Þar segir. Fatlaður skal hafa forgang í störf hjá borginni, sé hann jafn hæfur og aðrir umsækjendur.

Óbein mismunun er það þegar ákvarðanir eru ein- hverjum hópi óhag- stæðari í samanburði við aðra.

Dæmi um óbeina mismunun: Nyamko fer í sund.

Hún klæðir sig fyrst í sundföt og fer svo í sturtu.

Hún ætlar að stinga sér í laugina, en er stoppuð af baðverði.

Hann bendir á að í sundlaugum borgarinnar eigi að þvo sér án sundfata.

Nyamko segir að vegna trúar- skoðana sinna þá geti hún ekki klætt sig úr og verið nakin fyrir framan aðra.

Baðvörður segir að hún megi ekki fara í laugina nema

að hún þvoi sér fyrst án sundfata.

Hún biður þá um aðstöðu þar sem hún geti þvegið sér ein á lokuðum stað. Í þessari sundlaug er slík aðstaða ekki í boði.

Því kemst Nyamko ekki í sund.

Mis- munandi afgreiðsla mjög svipaðra mála er ekki alltaf brot á jafn- ræðis- reglunni. Stundum er talað um jákvæða mismunun.

Til dæmis má nefna:

- rétt- mætar kröfur fyrir tilteknar starfs- greinar
- aðgerðir vegna jafn- réttis- laga
- ákveðna aðlögun fyrir fólk með fötlun
- undan- tekningar sem tengjast aldri

Dæmi:

Reykja- víkur- borg veitir styrk til karla sem eru að læra félags- ráðgjöf.

Þetta er gert til að hvetja karlmenn til að fara í þetta nám.

Þannig ætti að fjölga körlum í ráð- gjafar- störfum hjá Reykjavíkur borg.

Orku- veita Reykja- víkur styrkir konur til verk- og tækni- fræði- náms og til iðn- og vél- fræði- náms.

Þetta er gert til að hvetja konur til að læra tækni- greinar sem nýtast

Orku- veitunni. Þannig ætti að fjölga konum í verk- fræði og tækni- störfum.

Dæmin eru notuð til að skýra mann- réttinda- stefnuna, en lýsa ekki endilega einhverju sem hefur gerst.

Mann- réttinda- stefna Reykja- vÍkur- borgar

Stefna Reykja- vÍkur- borgar í mann- réttinda- málum var samþykkt í maí 2006.

Stefnan byggir á stjórnar- skrá Íslands og alþjóð- legum sátt- málum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Mann- réttinda- stefnan byggir á því að allar manneskjur njóti mann- réttinda án tillits til ákveðinna grunn- þátta eða annarar stöðu.

- Réttindin eiga að vera án tillits til hvað þú ert gamall
- Réttindin eiga að vera án tillits til hvort þú ert kona eða karl
- Réttindin eiga að vera án tillits til hverjir eru foreldrar þínir eða ættingjar
- Réttindin eiga að vera án tillits til hvort þú ert fátækur eða ríkur
- Réttindin eiga að vera án tillits til hveurrar trúar þú ert
- Réttindin eiga að vera án tillits til hvaða stjórnarmáflokk þú styður
- Réttindin eiga að vera án tillits til heilsu
- Réttindin eiga að vera án tillits til hvort þú ert fatlaður eða ófatlaður
- Réttindin eiga að vera án tillits til frá hvaða landi þú kemur
- Réttindin eiga að vera án tillits til hvort þú ert gagnkynhneigður, samkynhneygður eða tvíkynhneigður.

Mann- réttinda- stefnan á að ná til einstaklinga og hópa. Margir borgar- búar tilheyra fleiri en einum af þeim hópum sem stefnan nær til.

Mann- réttinda- ráð skal sjá um að kynna stefnuna. Það á líka að fylgjast með þróun mála og koma upp- lýsingum á framfæri.

Mann- réttinda- skrifstofa Reykja- vÍkur skal standa vörð um stefnuna og tryggja að borgar- búum sé ekki mismunað.

Stjórnendur og starfs- menn eiga að bera virðingu fyrir mann- réttindum. Þeir eiga að framfylgja mann- réttinda- stefnunni innan stjórn- kerfis, á vinnu- stöðum og í þjónustu Reykja- vÍkur- borgar.

Á öllum sviðum skal hafa í huga jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þetta er rauði þráðurinn í mann- réttinda- stefnunni.

Þessi áhersla á að vera sýnileg og tengd inn í alla starfsemi ReykjavÍkur borgar.

Með mann- réttinda -stefnunni vill Reykja- víkur- borg vinna að jöfnum rétti á 4 sviðum.

1. Reykja- víkur- borg sem stjórn- vald

Íbúar í Reykjavík hafa kosið sér borgar- fulltrúa til að stjórna og fara með vald.

Þetta vald á að nota með tilliti til jafn- ræðis og mann- réttinda. Það á að gera í góðri samvinnu við íbúa í borginni.

2. Reykja- víkur- borg sem atvinnu- rekandi eða vinnu- veitandi

Reykja- víkur- borg vinnur að jöfnum rétti kvenna og karla á vinnu- stöðum.

Taka skal mið af marg- breyti- legum þörfum starfs- manna.

3. Reykja- víkur- borg sér um að veita þjónustu

Þjónustu Reykja- víkur- borgar á að skipu- leggja og bæta með tilliti til mis- munandi þarfa. Kynning og upp- lýsingar um þjónustu þurfa að vera að- gengi- legar öllum.

4. Reykja- víkur- borg í sam- starfi við aðra

Reykja- víkur- borg leggur áherslu á samstarf við aðra aðila og samtök sem hafa jafnrétti og mann- réttindi að leiðar- ljósi.

Stefnuna í heild má nálgast á vefsíðu Reykja- víkur- borgar:
www.reykjavik.is/mannrettindi

Jafn- rétti kynjanna



Mann- réttinda- stefna Reykja- víkur- borgar hvetur til jafnrar þátt- töku kvenna og karla. Bannað er að mis- muna fólki eftir því hvort um er að ræða konu eða karl.

Framlag hvers og eins skal metið án tillits til hvort um er að ræða konu eða karl.

Dæmi um mis- munun eftir því hvort um er að ræða konu eða karl:

Njáll er ekki ráðinn til vinnu á vinnu- stað þar sem bara eru konur. Stjórnendum finnst hann ekki passa inn í starfs- manna- hópinn af því að hann er karl.

Dæmi um mis- munun í þjónustu:

Stúlkur í þriðja flokki æfa fótbolta hjá íþróttá- félagi sem fær styrk frá Reykja- víkur- borg. Þær fá alltaf óheppi- legustu tímuna í salnum. Strákarnir, sem eru í sama flokki, ganga fyrir með bestu tímuna í salnum.

Reykja- víkur- borg sem stjórn- vald stefnir að því að hafa jafn margar konur og karla í nefndum.

Reykjavíkur borg vill vinna á móti ofbeldi, klámi og vændi.

Reykja- víkur- borg sem atvinnu- rekandi skal tryggja jafnan rétt kvenna og karla á vinnu- stöðum.

Koma skal í veg fyrir launa- misrétti og launa- leynd.

Stuðla skal að auknum sveigjan- leika til að auðvelda starfs- fólki að tengja saman einka- líf og starf.

Kyn- ferðis- leg áreitni er bönnuð. Slíkt getur leitt til þess að við- komandi sé rekinn úr starfi.

Reglur um viðbrögð við slíkri hegðun skulu vera að- gengi- legar öllu starfs- fólki.

Aldur



Bannað er að mis- muna fólki vegna aldurs.

Framlag hvers og eins skal metið að án tillits til aldurs.

Varast skal að líta svo á að allir séu eins þó að þeir til-heyri ákveðnum aldurs- hópi.

Reykja- vÍkur- borg sem atvinnu- rekandi leggur áherslu á að starfsmenn geti samið um sveigjan- leggt starf við hæfi þegar starfslok fara að nálgast.

Reykja- vÍkur- borg sem mið- stöð þjónustu tryggir jafnan aðgang að þjónustu, óháð aldri.

Dæmi um beina mis- munun vegna aldurs:

Ragnar er 63 ára nemi við Háskólann.

Hann óskar eftir samvinnu við borgina um verkefni í námi sínu.

Hann fær þau svör hjá borginni að hún taki aðeins þátt í verkefnum sem ungt fólk vinnur að.

Fötlun



Bannað er að mis- muna fólki vegna fötlunar.

Vinna skal að því að gera fötluðum mögulegt að taka virkan þátt.

Framlag hvers og eins skal metið að verð- leikum.

Virða skal rétt hvers og eins til að tala um fötlun sína eða tala ekki um hana.

Hafa ber í huga að fatlað fólk er fjöl- breyttur hópur einstaklinga með mis- munandi þarfir.

Reykja- vÍkur- borg sem stjórn- vald skal tryggja rétt allra til virkrar þátt- töku í borgar- samfélaginu.

Tillit skal tekið til skoðana og þarfa fatlaðra borgar- búa.

Hafa skal samráð við fatlaða um stefnu og ákvarðanir sem varða fatlaða sérstak- lega.

Reykja- vÍkur- borg sem atvinnu- rekandi.

Fatlaður umsækjandi skal ganga fyrir þegar ráðið er í störf hjá borginni sé hann jafn hæfur og aðrir sem sækja um starfið.

Ef laun eru tengd árangri eða afköstum skal ákvörðun um það tekin með mál- efna- legum hætti, óháð fötlun.

Vinna skal á móti for- dómum á vinnustað þar sem fatlað fólk og ófatlað vinnur saman sem jafningjar.

Reykja- vikur- borg sem mið- stöð þjónustu

Tryggir jafnan aðgang að þjónustu fyrir fatlað og ófatlað fólk.

Þjónusta skal miðast við þarfir ólíkra hópa fatlaðs fólks.

Tryggja skal að- gengi fatlaðra að opinberum byggingum og að upp- lýsingum um réttindi sín.

Allt tóm- stunda- starf og fræðsla á vegum borgarinnar skal taka mið af þörfum fatlaðra.

Dæmi um mismunun vegna fötlunar:

Óli er fjöl- fatlaður strákur sem býr í Árbæjar- hverfi í Reykja- vík.

Hann hafði verið í almennum leik- skóla í sínu hverfi

til 6 ára aldurs. Óli á marga góða vini í sínu hverfi.

Nú á Óli að fara í grunn- skóla.

Skóla- stjóri grunn- skólans í hverfinu sem Óli býr í

ráð- leggur foreldrum hans að sækja frekar um fyrir hann í sér- skóla.

Sér-skólinn er í allt öðru hverfi í borginni.

Skólastjórinn taldi að Óli fengi betri þjónustu í sér- skóla.

Heilsa



Óheimilt er að mismuna borgar- búum og starfs- fólki borgarinnar vegna slæmrar heilsu.

Framlag hvers og eins skal metið að verð- leikum.

Reykja- vikur- borg sem stjórn- vald

Tryggir að allir eigi rétt á þátt- töku í samfélaginu og fái

rétt- láta afgreiðslu mála mála, óháð heilsu.

Reykja- vikur- borg sem atvinnu- rekandi

Virða á rétt starfs- manns til að tala um heilsu sína, eða tala ekki um heilsu sína. Heilsa má ekki, án sér- stakra ástæðna, hafa áhrif á ráðningu, laun eða upp- sögn starfs- manns.

Ef breyta þarf vinnu- skyldu starfs- manns skal það gert í fullu samráði við hann.

Veikindi geta ekki ein og sér verið ástæða upp- sagnar nema að þau hafi staðið lengi og hafi áhrif á getu starfs- manns til starfs síns.

Vinna skal á móti fordómum á vinnu- stað þar sem starfsfólk vinnur saman sem jafningjar.

Reykja- vikur- borg sem miðstöð þjónustu

Tryggir aðgengi að þjónustu, óháð heilsu fólks.

Einnig á að stuðla að því, að viðhorf til allra sem njóta þjónustu borgarinnar sé jákvætt og byggt á virðingu.

Dæmi um mismunun vegna slæmrar heilsu:

Starfs- dagur á skrifstofu í borginni er alltaf haldinn uppi í sveit.

Jóna ritari sem er með slæmt gróður- of- næmi hefur aldrei getað tekið þátt í starfs- deginum.

Yfir- maður skrif- stofunnar heldur

samt áfram að hafa starfs- daga uppi í sveit þó að hann viti að Jóna komist þá ekki með.

Sam- kyn- hneigð / tví- kyn- hneigð



Óheimilt er að mis-muna fólki eftir því hvort það er gagn- kyn- hneigt,

samkyn-hneigt eða tví- kyn- hneigt.

Framlag hvers og eins skal metið að verð- leikum án tillits til kyn- hneigðar.

Varast skal að ætla það, að allt fólk sé gagn- kyn- hneigt.

Reykja- víkur- borg sem stjórn- valdi ber að tryggja rétt til virkrar þátttöku í sam- félaginu og réttláta meðferð, óháð kyn- hneigð.

Ákvarðanir er varða sam- kyn- hneigða og tví- kyn- hneigða skulu teknar í samráði við hags- muna- samtök þeirra.

Reykja- víkur- borg sem atvinnu- rekandi

Gætir þess að ráðningar, uppsagnir og ákvarðanir um laun starfs- manna séu mál- efna- legar, óháð kyn- hneigð .

Fólki skal vera frjálst að tala um sína kynhneigð, eða tala ekki um hana.

Reykja- víkur- borg sem miðstöð þjónustu

Tryggir að starfsfólk gangi ekki út frá því að allir séu gagn- kyn- hneigðir eða eigi gagn- kyn- hneigða foreldra.

Allt tóm- stunda- starf og fræðsla á að taka tillit til þess að þátt- takendur geti verið sam- kyn- hneigðir, tví- kyn- hneigðir eða gagn- kyn- hneigðir.

Dæmi um mismunun sem tengist þjónustu:

Aðalbjörn og Dagbjartur, foreldrar Sigríðar, fá afhent skráningar- blað í leik- skólanum hennar.

Á eyðublaðinu er aðeins gert ráð fyrir að skráð sé nafn móður.

Svona skráningar- blað er dæmi um mismunun gegn pöbbum og sam- kyn- hneigðum foreldrum.

Trú og skoðanir á stjórn- málum

Óheimilt er að mismuna fólk vegna trúar eða stjórn- mála- skoðana.

Framlag hvers og eins skal metið að verð- leikum án tillits til trúar eða skoðana fólks á stjórn- málum.

Reykja- víkur- borg sem stjórn- vald

Skal virða mis- munandi trú og skoðanir fólks.

Allir eiga rétt á virkri þátt- töku í sam- félaginu og fá sann- gjarna og réttláta meðferð, óháð trú eða skoðunum.

.

Reykja- víkur- borg sem atvinnu- rekandi

Skal koma fram við sína starfsmenn af virðingu og gæta jafnræðis, óháð því hvaða trú þeir tilheyra.

Skal koma fram við starfsmenn sína af virðingu og gæta jafnræðis, óháð því hvaða skoðanir þeir hafa á stjórn- málum.
Reykja- víkur- borg virðir rétt fólks til að tjá sig um trú sína og skoðanir eða láta það ógert.
Þó er mikilvægt að trúar- athfanir eða skoðanir á stjórn- málaum trufli ekki starfsemi á vinnu- stað.

Reykja- víkur- borg sem miðstöð þjónustu.

Þjónusta skal veitt með jákvæðum og fordóma- lausum sam- skiptum og af gagn- kvæmri virðingu.
Þjónustu skal vera veitt óháð trú eða stjórn- mála- skoðunum fólks.
Í upp- eldi, tóm- stunda- starfi og fræðslu skal tekið tillit til ólíkra siða hjá mis- munandi trúar- hópum.
Ekki á að ganga út frá því að allir hafi sömu trú og mikil- vægt er að ólík trúar- brögð séu kynnt með við- eigandi kennslu- efni.
Áhersla sé lögð á fjöl- breyti- leika þegar því verður við komið.

Dæmi um mismunun vegna trúarskoðana:

Foreldrar Bergþóru, sem standa utan trúfélaga, vilja ekki að hún læri kristin- fræði eða fari í kirkju á skólatíma. Bergþóru er boðið að sitja á bókasafninu, án þess að fá kennslu, á meðan kristin- fræði kennslan er. Foreldrar vilja hins vegar að hún fái kemnslu í eihverju öðru á meðan.

Útlendur uppruni

Óheimilt er að mis- muna borgar- búum vegna þess hvaðan þeir eru komnir eða hvernig þeir eru á litinn.
Framlag hvers og eins skal metið að verð- leikum.
Allir eiga rétt á sann- gjarnri fram- komu, óháð útlendum uppruna.

Reykja- víkur- borg sem stjórnvald.

Allir eiga rétt á virkri þátttöku í sam- félaginu og rétt- látri meðferð, óháð uppruna.

Reykja- víkur- borg sem atvinnu- rekandi

Skal tryggja að vinnu- staðir taki mið af því fjöl- breytta sam- félagi sem er í borginni.
Sjá skal til þess að fólk af útlendum uppruna njóti jafn- réttis á við aðra starfsmenn borgarinnar.
Í atvinnu- auglýsingum skal hvetja fólk af útlendum uppruna til að sækja um störf hjá borginni.

Þeir skulu njóta jafnréttis í ráðningum, launum og réttindum. Umsækjendur og starfs- menn af útlendum uppruna skulu fá leið- beiningar til að láta meta próf sem þeir hafa klárað í útlöndum. Á vinnu- stöðum borgarinnar skal unnið á móti for- dómum vegna uppruna.

Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu

Skal tryggja fólki af útlendum uppruna greiðan aðgang að þjónustu. Túlka- þjónustu skal veita þegar hennar er þörf, til dæmis hjá ráð- gjöfum eða í foreldra- viðtölum.

Allt tómstundastarf og fræðsla skal taka mið af þörfum barna af útlendum uppruna þannig að þau geti fengið þjónustu til jafns við önnur börn.

Fjöl- breytni sam- félagsins fái kynningu í barna- og unglíngastarfi.

Btryggja skal að börnum sé gefið tæki- færi til að kynna sitt heima- land og móður- mál sitt.

Stofnanir borgarinnar skulu útbúa að- gengi- legt og auð- skilið upp- lýsinga- efni á tungu- málum þeirra hópa sem eru fjöl- mennastir í borginni.

Starfsfólk á að skapa and- rúms- loft sem er án fordóma vegna uppruna eða litar- háttar.

Dæmi um mismunun vegna uppruna:

Ákveðið er í heimilis- fræðum að krakkarnir í 8. bekk fái að koma með matar- uppskriftir frá heima- landi þeirra.

Síðan verði eldað eftir þeim um veturinn.

Tveir nemendur af útlendum uppruna eru í bekknum.

Kennarinn segist ekki geta notað uppskriftir þessara útlendu nemenda.

Kryddið sem þarf að nota í þá sé ekki til í skólanum

og svo vilji örugg-lega enginn borða svona skrýttinn mat.

Mann- réttinda- skrif- stofa Reykja- víkur- borgar

Mann- réttinda- skrif- stofa Reykja- víkur- borgar var opnuð árið 2007.

Á skrif- stofunni starfar mann- réttinda- stjóri Reykja- víkur- borgar.

Skrif- stofan á að standa vörð um að borgar- búum sé ekki mismunað.

Mann- réttinda- skrif- stofa tekur við ábendingum og athuga- semdum frá Borgar- búum.

Mann- réttinda- skrif- stofa tekur við ábendingum og athuga- semdum frá starfsfólki borgarinnar sem snúa að hlutverki og skyldum sveitarfélagsins í mann- réttinda- málum.

Hefur þú ábendingar eða athuga- semdir sem snúa að hlut- verki og skyldum Reykja- víkur- borgar í mann- réttinda- málum?

Hér eru upp- lýsingar um hvert er hægt að snúa sér:

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík

Sími: 411- 4153

mannrettindi@reykjavik.is

www.reykjavik.is/mannrettindi

Vilt þú vita meira um mann- réttinda- stefnu Reykja- víkur- borgar?

Vilt þú fá aðstoð við að skoða jafnan rétt fólks á þínum vinnu- stað hjá borginni?

Telur þú að það hafi verið brotið gegn rétti þínum í þjónustu hjá borginni?

Hefur þú tekið eftir óréttlæti eða mismunun á einhverjum vinnu- stað hjá borginni?

Hefur þú tillögu um eitthvað sem má betur fara í mann- réttinda- málum hjá Reykja- víkur- borg?

Starfar þú fyrir féлага- samtök eða annað sveitar- félag og hefur áhuga á sam- starfi?

**Ef svarið er já við einhverri af þessum spurningum,
hafðu þá samband við
Mann- réttinda- skrif- stofu Reykja- víkur.**